

**Sp.**

**458. Fyrirspurn**

**[230. mál]**

til fjármálaráðherra um aukastörf embættismanna og störf þeirra í þágu eigin atvinnurekstrar.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hvernig er af hálfu ráðuneyta gengið úr skugga um að fullnægt sé lagaákvæðum um aukastörf starfsmanna ríkisins, sbr. 34. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?
2. Er algengt að embættismenn gegni öðrum launuðum störfum, í þágu ríkisins, hjá einkaaðilum eða við eigin atvinnurekstur?
3. Ef svo er, í hvers konar tilvikum og hvernig reynist slíkt geta átt sér stað án þess að vanrækslu valdi eða ósamrýmanlegt sé stöðu embættisins og þeim störfum er henni fylgja?